

Áróðurtól Hitlers

Sennilega er þetta heimsmet í framleiðslu ódýrra útvarpstækja þegar Hitlersstjórnin skipaði 28 verksmiðjum að framleiða útvarpstæki eftir sömu teikningunni til að ná niður kostnaði.

Upphafleg hönnun þessara tækja er rakin til ársins 1927 þegar verkfræðingurinn Otto Griessing smíðaði einfalt tveggja lampa tæki sem gekk eingöngu fyrir rafhlöðustraum og Walter Kersting, próffesor hjá Kölner Werkschulen hannaði kassan úr Bakelite efni. Það tæki var síðan framleitt hjá Lumophon Bruckner & Stark, í Þýskalandi. Eftir valdatöku Adolfs Hitlers í Þýskalandi 30. janúar 1933 óskaði áróðursráðherrann Joseph Goebbels eftir þróun ódýrra útvarpstækja sem almenningur réði við að eignast. Útvarp var tiltölulega nýr miðill, en tækin kostuðu mikið.

Til að koma sem skjótast áróðri og öflugri ræðumennsku Hitlers á framfæri þurfti helst að vera útvarpstæki á hverju heimili, og þar að auki með takmarkaðri getu til að ná erlendum útvarpsstöðvum til að minka áhrif og fréttir frá öðrum þjóðum. Goebbels snéri sér því til Otto Griessing með að endurhanna upphaflega tækið hans svo fjöldaframleiða mætti ódýrt útvarptæki fyrir almenning. Hönnuð var ný útgáfa með þrem lömpum. Upphaflega tækið frá 1927 var tveggja lampa en í nýju útgáfaunni er þriðja lampanum bætt við svo sleppa mætti rafhlöðunni og nota bæjarspennuna. (Þriðji lampinn er afriðill fyrir bæjarspennuna). Þessi útgáfa var fyrst kynnt í Þýskalandi 18. ágúst 1933 og fékk heitið **VE 301 W**. Talan 301 táknar dagsetninguna, 30.1.1933 þegar flokkur Hitlers komst til valda. Síðar komu fleiri tegundir svo sem VE 301 Vn, VE 301 Dyn og fl. Öll voru tækin í megin atriðum eins. Smávægileg breyting var gerð eftir mismunandi íhlutum þar sem mikill skortur var á framleiðslu þeirra vegna stríðsins. Framleidd voru samtals yfir 7 miljón tækja á árunum 1933 til 1939 af VE 301 gerðunum. Þekkt nöfn eins og AEG, Braun, Blaupunkt, Eimig, Loewe Opta, Lorens, Simens, Philips, Telefunken og fl. verksmiðjur framleiddu þessi tæki. Þau eru með lang og miðbylgju, en með takmarkaða næmni eins og fyrr segir. Frá og með 1939 var alveg bannað að hlusta á erlendar stöðvar, en með góðu loftneti náðust stöðvar á kvöldin svo sem BBC og París. Ef upp komst að hlustað væri á annað en þýskar stöðvar lá við þung refsing. Hér eru myndir af þessum tveim fyrstu gerðum VE 301 tækjanna. Um og eftir 1938 var síðan framleitt enn einfaldara og ódýrara tæki DKE-38 sem kostaði aðeins viku laun verkamanns í Þýskalandi á þeim tíma. Stellið er meir að segja úr pressuðum pappa, en ekki járn. Árið 1943 er allri framleiðslu þessara útvarpstækja hætt. Talið er að þá hafi verið búið að framleiða um 20 miljón tæki af þessum þrem gerðum samanlagt, á vegum þýska ríkisins.

Sigurður Harðarson rafeindavirki

WE 301 Wn

WE 301 Dyn

DKE 38

